



E 3/2016

Lagt fram af:

Mikko Kärna, Arto Pirttilahti,
Willy Rydman, Susanna
Koski, Simon Elo, Juho Eerola
og Laura Huhtasaari

Til:

Ríkisstjórn Norðurlandanna

Málsnúmer 16-00040-2

Til Ríkisstjórn Norðurlandanna

Skrifleg fyrirspurn

varðandi stefnu í málefnum hælisleitenda

Evrópa stendur nú andspænis ófyrirséðum áskorunum. Fólksflutningar frá Afríku og Miðausturlöndum til Evrópuríkja hafa náð nýjum hæðum og handan ytri landamæra Schengen-svæðisins eru milljónir manna, sem munu færa sig um set í áttina til Evrópu ef þeim gefst færi á því. Ólöglegur innflutningur fólks hefur einnig haft í för með sér andstyggileg fyrirbæri, líkt og kynlífsþrælkun og mansal. Meira að segja við landamæri Finnlands að Rússlandi hafa möguleikarnir á ólöglegum innflutningi fólks aukist gríðarlega og mikill meirihluti hælisleitenda í Finnlandi kemur nú leiðina í gegnum Rússland.

Evrópa getur á engan hátt skorast undan að hjálpa fólki í neyð, en það er deginum ljósara að ekki er unnt að leysa vandamálin í Afríku og Miðausturlöndum með því að flytja milljónir manna til Evrópu, heldur verður að reyna í fyrstu að leysa vandamál á hverjum stað heima fyrir. Reyna verður í fyrstu að rétta fólki í neyð hjálparhönd í heimalöndum þess. Þetta er ekki bara hagkvæmasta lausnin, heldur er þetta líka hnitmiðaðasta leiðin til að veita aðstoð. Sífellt fleiri lönd hafa horfst í augu við að Evrópa hefur náð mörkum þess sem hægt er að ráða við og að áhrif innflutnings fólks eru ekki bara jákvæð. Einnig er ljóst að þeim reglum í málefnum hælisleitenda, sem eru í takti við Genfarsáttmálann, er beitt á rangan hátt. Í sumum áætlunum er talið að allt að 50-70% allra hælisleitenda sem koma til Evrópu séu ekki í beinni þörf fyrir hælissvist. Nú nýta þessir hælisleitendur að óþörfu þau úrræði sem ætluð eru nauðstöddum. Við sjáum líka að Genfarsáttmálinn og þær aðgerðir sem gripið hefur verið til á grundvelli sáttmálans duga ekki lengur fyllilega til að taka á þeim aðstæðum sem Evrópa nú stendur andspænis. Alþjóðasamfélaginu ber að reyna að tryggja öryggi þeirra sem eru fórnarlömb ofsókna, en því ber líka að hindra augljóslega tilhæfulausar umsóknir.

Aðgerðir Norðurlandanna í málefnum hælisleitenda eru ekki samhæfðar og ólík ríki Norðurlanda fylgja ólíkum samningum við einstök ríki um

framkvæmd brottvísana. Til dæmis hefur Svíþjóð samning um framkvæmd brottvísana við Írak, en Finnland hefur það ekki. Ólíkum viðmiðum er einnig beitt í ólíkum löndum við meðferð umsókna um hæli. Þetta skapar óæskilegt aðdráttarafl og freistar hælisleitenda frá ákveðnum löndum til að sækja um hæli í ákveðnu landi á Norðurlöndum. Einnig er skýr munur á Norðurlöndunum með tilliti til þess hvernig brottvísun hælisleitenda er háttað í framkvæmd.

Með vísan til ofangreindra mála beinum við fyrirspurn til ríkisstjórna Svíþjóðar, Danmerkur, Noregs og Finnlands:

- Hvaða aðgerða ætla ríkisstjórnir Norðurlandanna að grípa til svo að stefnan sem fylgt er í málefnum hælisleitenda og viðeigandi stefna í brottvísunarmálum verði eins samræmd og kostur er og að óæskilegu aðdráttarafli ólíkra norrænna ríkja verði eytt?
- Telja ríkisstjórnir Norðurlandanna kleift að vísa hælisleitanda úr landi, sem ekki hefur verið veitt hæli í einu Norðurlandanna, á grundvelli samninga um framkvæmd brottvísunar sem gilda í öðru ríki Norðurlandanna? Og telja ríkisstjórnirnar það vera mögulegt að Norðurlöndin, í anda hagkvæmni og norræns samstarfs, hafi sameiginlega framkvæmd um brottvísanir, með til dæmis sameiginlegum flugferðum til baka fyrir þá hælisleitendur sem fá neitun um hæli?
- Telja ríkisstjórnir Norðurlandanna nauðsyn bera til að skerpa á orðalagi Genfarsáttmálans til að hann samsvari betur breyttum aðstæðum og ef svo er, hvernig ætla ríkisstjórnirnar þá að vinna í sameiningu að alþjóðlegri endurskoðun sáttmálans?

Með vísan til ofangreinds beinum við fyrirspurn til ríkisstjórnar Íslands:

- Svo framarlega sem ríkisstjórnir hinna Norðurlandanna vilja endurskoða Genfarsáttmálann í alþjóðlegri umræðu, er Ísland þá tilbúið að styðja þessa viðleitni?

Helsinki, 26. janúar 2016

Arto Pirttilahti (cent)
Juho Eerola (saf)
Laura Huhtasaari (saf)
Mikko Kärnä (cent)
Simon Elo (saf)
Susanna Koski (saml)
Wille Rydman (saml)

Norðurlandaráð

E 3/2016

Lagt fram af:

Mikko Kärnä, Arto Pirttilahti,
Willy Rydman, Susanna
Koski, Simon Elo, Juho Eerola
og Laura Huhtasaari

Til:

Ríkisstjórn Norðurlandanna

Málsnúmer 16-00040-2